

Ed.

212. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, er fer fram á, að skattur af mannflutningabifreiðum sje að mestu feldur niður, eða úr 8 kr. af hverri hest orku vjelarinnar niður í 2 kr.

Í greinargerð fyrir frumvarpinu er rjettilega tekið fram, að hár skattur á bifreiðum auki mjög útgjöld notenda þeirra, en þar er einnig jafnrjettilega fram tekið, að rekstur bifreiða sje nú orðinn í mjög góðu lagi og að fargjöld með þeim hafi mikið lækkað síðan lögín um bifreiðaskatt voru sett.

Út af þessum ummælum háttv. flutningsmanns og þekkingu nefndarinnar á máli þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að skatturinn, eins og hann er eftir lögunum frá 1921, sje hæfilega hár.

Nefndin er því sammála um að ráða háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 24. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, Sigurður H. Kvaran. Björn Kristjánsson.
form. og framsögum.

Sigurður Jónsson. Karl Einarsson,
fundaskrifari.